

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Ljósmyndari heimasíðu stéttarfélaganna er alltaf á vaktinni og lætur ekkert fram hjá sér fara enda fróðleiksfús maður. Þessir tveir fjallmyndarlegu menn voru að undirbúa hús fyrir málningu þegar ljósmyndarinn fangaði þá við iðju sína. Nöfn þeirra eru Sigfús Sigfússon og Sigmar Ævar Hallsson en þeir munu báðir vera ættaðir af Torginu fagra við Búðará.

-Viltu vera félagi -



Á árinu 2010 greiddu til Framsýnar- stéttarfélags 2040 launamenn iðgjöld skv. ákvæðum kjarasamninga. Félagið gætir hagsmuna þeirra allra gagnvart atvinnurekendum í héraði og fer með umboð þeirra í samstarfi við verkafélagsráðgjafinguna á landsvísi. Allir sem greitt er af til félagsins afla sér réttinda í sjóðum þess og njóta verndar þeirra kjarasamninga sem félagið gerir og allir sem greitt er af eru færðir á félagaskrá sem fullgildir félagsmenn nema þeir

óski eftir því að vera ekki á henni. Það athugist að einungis fullgildir félagsmenn njóta kosningaréttar og kjörgengis í félaginu. Hér með er þeim tilmælum beint til þeirra launamanna sem greiddu iðgjöld til félagsins á árinu 2010 en vilja ekki vera á félagsskrá sem fullgildir félagsmenn að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sem allra fyrst.

Stjórn Framsýnar- stéttarfélags

Skólastjórnendur

Starfsmenn stéttarfélaganna eru ávallt tilbúnir að heimsækja skólana með fræðslu um atvinnulífið og hlutverk stéttarféлага. Fræðslan

er ætluð nemendum skólanna. Ef áhugi er fyrir hendi, vinsamlegast hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.



Nemendur Grunnskóla Rauðarháfnar við nám ásamt góðum kennara.

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið*

Góðir gestir á fundi Framsýnar

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar kom saman til fundar í lok nóvember. Gestir fundarinnar voru Andrea Ólafsdóttir formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, Ragnar Þór Ingólfsson stjórnarmaður í VR og Kristján Bragason framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands. Kristján fjallaði um stöðu og framtíð sambandsins og sagði frá störfum nefndar sem vinnur að því að fara yfir skipulag og lög sambandsins. Miklar umræður urðu eftir framsögu

Kristjáns enda hafa stjórnarmenn Framsýnar sterkar skoðanir á sambandinu, það er núverandi stefnu þess, starfsemi og hvert það eigi að stefna í framtíðinni. Andrea flutti fróðlegt erindi um þann mikla vanda sem blasir við mörgum heimilum í landinu um þessar mundir. Líkt og Kristján fékk Andrea fjölmargar fyrirspurnir frá fundarmönnum sem eðlilega voru áhugasamir um stöðu heimilanna í landinu.



Andrea Ólafsdóttir formaður Hagsmunasamtaka heimilanna flutti fróðlegt erindi á fundi stjórns og trúnaðarmannaráðs.

Góðir skóla- og námskeiðsstyrkir

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum styrkja fullgilda félagsmenn sem sækja námskeið eða stunda nám með vinnu. Styrkirnir koma frá fræðslusjóðum sem félögin eiga aðild að. Einnig er hægt að sækja til viðbótar um sérstaka námsstyrki frá félögunum sjálfum. Vinsamlegast leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

*Jólaboð stéttarfélaganna**Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum**verða með opið hús laugardaginn 19.**desember frá kl. 14:00 til 18:00.**Boðið verður upp á kaffi og**meðlæti auk þess sem**tónlistarmenn, jólasveinar og**kórar munu koma fram með**skemmtiatriði.**Allir velkomnir.**Framsýn-stéttarfélag**Starfsmannafélag Húsavíkur**Þingið*

Stéttarfélögin styrkja kaup á almenningsekkjum

Í tilefni 70 ára afmælis Félags Íslenskra sjúkraþjálfara á síðasta ári, fóru sjúkraþjálfarar af stað með þrjú samfélagsverkefni sem hvetja almenning til aukinnar hreyfingar. Verkefnið „Að brúka bekk“ var eitt af þeim og varð það valið til framkvæmdar hjá sjúkraþjálfurum í Norðurlandinu. Verkefnið felur í sér að fjölga almenningsekkjum í sveitarfélögum landsins til

hagsbóta fyrir þá sem slakir eru til gangs. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist því þegar er búið að koma fyrir fjölmörgum bekkjum á Húsavík, Raufarhöfn og Kópaskeri. Bekkirnir voru formlega vígðir þann 27. september 2011. Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum tóku þátt í verkefninu og hafa undir höndum bréf þar sem þeim er þakkað fyrir aðkomuna að verkefninu.



Það er gott að geta hvílt lúin bein á góðum bekkjum þegar menn ganga sér til heilsubátar.

Friðarljós

**Friðarljós Hjálparstarfs Kirkjunnar
fást hjá eftirtöldum aðilum á Húsavík,
Samkaup Úrval, Kaskó, Öryggi og
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar.**

Svört vinna kostar samfélagið 14 milljarða á ári

Eitt af hlutverkum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum er að fylgjast með svarti atvinnustarfsemi á félagssvæði félaganna. Félagin voru þátttakendur í verkefni Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Ríkisskattstjóra sem efnt var til í sumar er nefndist „Leggur þú þitt af mörkum?“ en markmið þess var að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi og bæta skil á lögbundnum gjöldum. Þetta samstarfsverkefni var hluti af nýgerðum kjarasamningum ASÍ og SA og beindist að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Útreikningar benda til að glötuð verðmæti vegna undanskota nemi 13,8 milljörðum króna á ári og er gert ráð fyrir að þar af séu glötuð réttindi launafólks 8 milljarðar króna. Opinber gjöld yfir 400 fyrirtækja verða endurákvörðuð í kjölfar verkefnisins. Áberandi var hversu mikið þekkingarleysi er á markmiðum og innihaldi laga og reglugerða um tekjuskráningu, virðisaukaskatt og staðgreiðslu sem og á kjarasamningum. Þetta eru alvarlegir áhættuþættir sem líklegt er að leiði til rangrar meðferðar á sköttum, gjöldum og kjarasamningsbundnum réttindum. Ríflega tvö þúsund fyrirtæki voru heimsótt í áttakinu og reyndust einhver frávik frá réttri framkvæmd vera hjá yfir helmingi fyrirtækja sem heimsótt voru eða í 55,3% tilfella.

12% vinna svart

Niðurstaðan var að 737 (12%) einstaklingar af 6.167 starfsmönnum sem skráðir voru reyndust vera í svartri vinnu. Þessir starfsmenn voru hjá 16% fyrirtækjanna sem voru heimsótt.

Hvar eru flestir í svartri vinnu?

– Niðurstaða þessa verkefnis sýnir að svört vinna er yfirgnæfandi mest í rekstri hjá litlum fyrirtækjum, þ.e. þeim sem eru með ársveltu undir 150 milljónir króna. Þar er að finna 91% af þeirri svörtu vinnu sem mælist samkvæmt reiknilíkani ríkisskattstjóra eða samtals 12,6 milljarðar.

Töpuð réttindi – Ekki aðeins skila tekjur sér ekki í sameiginlega sjóði landsmanna, heldur eru afleiðingarnar lakari kjör einstaklinga og töpuð réttindi á vinnumarkaði.

Svört vinna minnst á Norðausturlandi

Eins og áður segir voru skráðir 6.167 einstaklingar hjá þessum 2.024 lögaðilum sem voru heimsóttir. Þegar unnið hafði verið úr heimsóknum var niðurstaðan að 12% starfsmanna voru í svartri vinnu, á meðan meðaltal atvinnuleysis á landsvísu var 6,7% fyrir sama tímabil. Eftir landshlutum lítur greiningin þannig út:

Tap vegna svartrar vinnu	Milljónir	
Aðilar sem tapa	króna	%
Ríkissjóður	6.250	45,3%
Lífeyrissjóðir	3.145	22,8%
Launþegar / orlofsréttindi	1.999	14,5%
Sveitarfélög	1.629	11,8%
Stéttarfélög ofl.	786	5,7%
Samtals vantalín gjöld	13.809	100,0%

Verðmat glataðra réttinda launafólks vegna svartrar vinnu	Milljónir	
	% króna	%
Orlofsréttindi	1.999	14,5%
Réttur til atvinnuleysisbót ofl. (Tryggingagjald)	1.858	13,5%
Lífeyrisréttindi (Lífeyrissjóðs gjöld)	3.145	22,8%
Ýmis félagsstengd gjöld (sjúkrasjóður, starfsmenntun o.fl.)	786	5,7%
Samtals verðmat glataðra réttinda	7.788	56,4%
Samtals vantalín gjöld	13.809	100,0%

Svæðadreifing	Allir starfsm.	Í svartri vinnu	Svörtvinna %	Atvinnuleysi %
Landshluti				
Vestfirðir	211	39	18,5%	2,6%
Vesturland	238	36	15,1%	3,5%
Suðurland	745	107	14,4%	4,6%
Suðurnes	189	26	13,8%	10,4%
Austurland	250	34	13,6%	3,0%
Norðvesturland	200	27	13,5%	2,2%
Höfuðborgarsvæðið	3.883	431	11,1%	7,6%
Norðausturland	451	37	8,2%	4,4%
Samtölur	6.167	737	12,0%	6,7%

Upplýsingar um desemberuppbótina

Fyrir 15. desember ber atvinnurekendum að greiða starfsmönnum desember- og launauppbót. Hér koma upplýsingar um uppbótina og sérstakt álag sem samið var um að kæmi til greiðslu í desember 2011 og febrúar 2012. Álagið í febrúar kemur aðeins til starfsmanna sveitarfélaga. Hér er miðað við þá sem eiga rétt á fullum rétti. Desemberuppbót miðast við starfstíma og starfshlutfall eftir ákvæðum kjarasamninga. Ef frekari upplýsinga er þörf, endilega hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Desemberuppbót 2011: Almenni kjarasamningurinn milli Framsýnar/VP og SA

Desemberuppbót	kr. 48.800
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 63.800

Kjarasamningur Framsýnar/VP við Bændasamtök Íslands

Desemberuppbót	kr. 48.800
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 63.800

Kjarasamningur Framsýnar/VP við Landsamband smábátaeigenda vegna vinnu við línu og net

Desemberuppbót	kr. 48.800
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 63.800

Kjarasamningur LÍV og SA sem Framsýn er aðili að

Desemberuppbót	kr. 55.400
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 70.400

Kjarasamningur Framsýnar/VP og Landsvirkjunar

Desemberuppbót	kr. 82.775
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 97.775

Kjarasamningur Framsýnar/VP og fjármálaráðherra fh. ríkisjóðs

Desemberuppbót	kr. 48.800
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 63.800

(Ath. Þar sem sérákvæði gilda fyrir starfsmenn á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga sem voru við störf 4. apríl 2004 geta þeir átt rétt á hærri desemberuppbót en hér greinir.)

Kjarasamningur Framsýnar/VP og Launaneftdar sveitarfélaga

Desemberuppbót	kr. 75.500
Eingreiðsla 1. feb. 2012	kr. 25.500

(Ath. Sérákvæði varðandi desemberuppbótina gilda um starfsmenn sveitarfélaga sem voru við störf fyrir 29. maí 2005. Þeir eiga rétt á 50% desemberuppbót samkvæmt nánari skilgreiningu. Sama á við um starfsmenn Hvamms sem voru við störf fyrir 1. maí 2004. Þeir halda 50% desemberuppbót samkvæmt ákveðnum reglum.)

Kjarasamningur Samiðnar og SA sem Pingið er aðili að

Desemberuppbót	kr. 48.800
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 63.800

Kjarasamningur Samflotsins og Launaneftdar sveitarfélaga sem STH er aðili að

Desemberuppbót	kr. 75.500
Eingreiðsla 1. feb. 2012	kr. 25.500

(Ath. Sérákvæði varðandi desemberuppbótina gilda um starfsmenn Norðurþings sem voru við störf fyrir 29. maí 2005. Þeir eiga rétt á 50% desemberuppbót samkvæmt nánari skilgreiningu.)

Kjarasamningur Samflotsins og fjármálaráðherra fh. ríkisjóðs sem STH er aðili að

Desemberuppbót	kr. 48.800
Sérstakt álag 2011	kr. 15.000
Samtals	kr. 63.800

(Ath. Þar sem sérákvæði gilda fyrir starfsmenn á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga geta þeir átt rétt á hærri desemberuppbót en hér greinir.)

Slysavarnarnefnd kvenna færð gjöf frá STH

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur fór fram í lok nóvember á Veitingastaðnum Sölu. Fundinn sóttu 38 félagsmenn. Formaðurinn Stefán Stefánsson fór yfir skýrslu stjórnar og í framhaldi af henni fór Snæbjörn Sigurðarson yfir reikninga félagsins fyrir árið 2010. Nokkrar fyrirspurnir komu fram um skýrslu stjórnar og reikninga sem félagarnir svöruðu. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða. Því næst var farið yfir fyrirbyggjandi lagabreytingar sem unnar voru fyrir fundinn. Tillögurnar voru samþykktar að undanskýldri 3. grein sem tók smá breytingu. Eftir lagabreytingarnar var gengið til kosninga stjórnar til næstu tveggja ára. Á fundinum var gengið frá kjöri á formanni, ritara og einum meðstjórnanda. Á næsta ári verður svo kosið um gjaldkera og einn meðstjórnanda. Stefán Stefánsson var endurkjörinn formaður félagsins, Guðrún Kristín Magnúsdóttir ritari og Helga Árnadóttir meðstjórnandi, hún er nýr liðsmaður í stjórn. Höfðinginn, Björn Hólmgeirsson, gaf ekki kost á sér áfram og var honum þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins. Fyrir í stjórn eru Ása Gísladóttir gjaldkeri og Helga Eyrun Sveinsdóttir meðstjórnandi.

Þá var einnig gengið frá kjöri félagskjörinna endurskoðenda. Þau eru, Jóhanna Björnsdóttir og Guðmundur Guðjónsson og til vara Anna Ragnarsdóttir. Fulltrúar í stjórn lífeyrissjóðs LSSH, Ása Gísladóttir og Stefán Stefánsson til vara. Kosning í orlofsnefnd, Helga Árnadóttir, Karl Halldórsson og Sveinn Hreinsson. Ferðanefnd, Jóhanna Björnsdóttir, Margrét Schiöth og Frímann Sveinsson. Starfskjaranefnd, Stefán Stefánsson, Hjálmar Hjálmarsson og Sigmundur Þorgrímsson til vara. Starfsmenntasjóður, Guðrún Guðbjartsdóttir, Stefán Stefánsson og Óskar Óli Jónsson til vara. Undir liðnum, önnur mál, var borin upp tillaga sem var samþykkt um að styrkja Slysavarnardeild kvenna um kr. 150.000,- en félagið hefur á undanförunum árum styrkt gott málafni hér í bænum í aðdraganda jóla. Tekin var ákvörðun um að félagsmenn mundu fá að vita með sex vikna fyrirvara staðfestingu í leigu íbúðar í Sólheimum 23. Einnig var lesið upp á fundinum bréf sem barst stjórn félagsins frá félagsmanni STH og varðar skipulag aðalfunda félagsins.



Anna Ragnars og Ása Gísladóttir voru ánægðar á aðalfundinum.



Félagarnir á bæjarskrifstofunni, Kiddi Óskars og Guðmundur Guðjóns eru hér að sjá sér góðgæti á diskana en búið var upp á jólablaðborð á fundinum.

Dagbækur

Félagsmenntetanálágastminnisbækur/ dagbækur og dagatöl fyrir árið 2011 á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta hringt á skrifstofuna og fengið dagbækurnar og dagatölin send til sín í pósti. Minnisbókinni og dagatölunum er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

Stéttarfélögin taka þátt í mikilvægu forvarnarstarfi

Lionsklúbbur Húsavíkur hefur hafið samstarf við Heilbrigðisstofnun Pingeyinga við að hrinda af stað skipulagðri ristilspeglun á næsta ári gangi allar áætlanir eftir. Unnið hefur verið að verkefninu undanfarna mánuði. Hugmyndin er að bjóða öllum íbúum á svæði HP fæddum 1957 (55 ára) ókeypis ristilspeglun, sem framkvæmd verður af meltingarsérfræðingi á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga en stofnunin eignaðist nýlega mjög fullkomið speglunartæki, sem var keypt fyrir gjafafé m.a. frá stéttarfélögunum. Ristilkrabbamein hefur lagt marga þegna þessa lands að velli á undanförunum árum. Ætlunin með verkefninu er að sporna við frekari veikindum, þá er tilganginum náð. Þar sem verkefnið

er mjög dýrt hefur Lionsklúbbur Húsavíkur ákveðið að leita til nærsamfélagsins eftir stuðningi við forvarnarstarfið. Verkefnið er hugsað þannig, að næstu 5 árin verði 55 ára einstaklingum boðið uppá ristilskoðun. Á hverju ári verður gerð grein fyrir stöðu verkefnisins, þannig að allir geti fylgst með gangi mála. Lionsklúbbur Húsavíkur hefur leitað til sveitarfélaga, stéttarfélaga, fyrirtækja og fjármálastofnana. Undirtektir hafa verið mjög góðar. Þess má geta að stéttarfélögin í Pingeyjarsýslum hafa samþykkt að leggja þessu mikilvæga verkefni eina milljón. Félögin eru, Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkálýðsfélag Þórshafnar.



Stéttarfélögunum í Pingeyjarsýslum er umhugad um sína félagsmenn. Þau taka þátt í metnaðarfullu staði Lionsklúbbs Húsavíkur er varðar forvarnarstarf gagnvart krabbameini.

Niðurskurður og aftur niðurskurður!

Fyrirtæki, ríki og sveitarfélög hafa allt frá hrúninu unnið að því að skera niður starfseminu með tilheyrandi fækkun á starfsmönnum. Öftar en ekki eru fulltrúar stéttarfélaganna boðaðir á staðinn til að fara yfir málin og réttarstöðu starfsmanna. Hér má sjá skemmtilega mynd, þrátt fyrir alvöru málsins, sem einn

starfsmaður teiknaði þegar formaður Framsýnar sem gengur undir gælunafninu Kúti þurfti að funda með starfsmönnum um ákveðna hagræðingu með tilheyrandi skerðingum á starfshlutföllum á viðkomandi vinnustað.



Lífið er fiskur

Fulltrúar stéttarfélaganna fara reglulega í vinnustaðaheimsóknir. Meðal annars komu þeir nýlega við í Laugafiski í Reykjadal þar sem Samherji hf. er með fiskþurrkun.

Að venju var vel tekið á móti gestunum. Töluvert hefur verið að gera hjá Laugafiski eftir að Samherji eignaðist fyrirtækið sem var áður í eigu Brims hf



Sigbjatur Arnason byltaramaður sér um að bjólin snúist hjá Laugafiski.

Formaður á leið til Færeyja

Formanni Framsýnar, Aðalsteini Á. Baldurssyni, hefur verið boðið að vera sérstakur gestur á 100 ára afmæli Færeyska Sjómannasambandsins 19. desember. Afmælishátíðin fer fram í Þórshöfn og verður án efa vegleg hjá frændum okkar í Færeyjum.

Ljóst er að starfsemi Framsýnar nýtur töluverðar virðingar á Norðurlöndum sbr. þetta boð. Þá hafa erlendir verkálýðsleiðtogar verið duglegir við að heimsækja Húsavík og kynna sér starfsemi félagsins og í leiðinni stöðu efnahagsmála á Íslandi.



Færeyskir sjómenn voru áberandi á Sali Húsavíkur í sumar. Þeir halda upp á 100 ára afmæli sjómannasamtakana í Færeyjum í desember. Formaður Framsýnar verður heiðursgestur á afmælinu.

Félagsmenn ath.

Búið er að prenta flesta nýja kjarasamninga og launatöflur. Vinsamlegast hafið samband við Skrifstofu stéttarfélaganna ef þið viljið eignast kjarasamninginn eða launatöflu.

Viðræðum frestað við smábátæigendur

Stjórn Framsýnar hefur ákveðið að fresta frekari viðræðum félagsins við Svæðisfélagið Klett félags smábátæigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi um gerð kjarasamnings fyrir sjómenn á smábátum. Slíkur samningur er ekki til í dag á landsvísi. Viðræðurnar hafa gengið vel og eru á lokastigi. Þar sem Sjómannasamband Íslands, sem Framsýn á aðild að, hefur ákveðið að hefja viðræður við Landssamband smábátæigenda um gerð kjarasamnings á landsvísi telur félagið rétt að stiga aðeins til

hliðar og gefa þeim tækifæri til að ná samningum. Nái þeir ekki saman telur stjórn Framsýnar að hægt verði að klára samning um kjör smábátasjómannna við Klett á nokkrum dögum. Samningsumboðið fyrir smábátasjómenn á félagssvæði Framsýnar er hjá félaginu. Eftir því sem best er vítað hafa félög sjómanna innan Sjómannasambandsins önnur en Framsýn falið sambandinu umboð til að ganga frá kjarasamningi fyrir þeirra hönd.



Framsýn hefur haft frumkvæði að því að kjarasamningur verði gerður fyrir sjómenn á smábátum. Slíkur samningur hefur ekki verið til á Íslandi fram að þessu.

Vinsamlegur fundur með ráðherra

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra kom nýlega við á Húsavík ásamt fylgdarliði. Hann notaði daginn til að funda með starfsmönnum og stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, fulltrúum Norðurlþings og þá endaði hann daginn með því að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og funda með fulltrúum Framsýnar-stéttarfélags.

Fundurinn var vinsamlegur og komu fulltrúar félagsins ýmsum málum á framfæri er varðar velferð fólks í Þingeyjarsýslum

og reyndar á landinu öllu. Meðal annars var bent á mikilvægi góðrar heilbrigðisþjónustu á svæðinu og var ráðherra beðinn um að standa vörð um þá mikilvægu þjónustu sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga veitir íbúum í dag. Ráðherra hafði skilning á áherslum Framsýnar. Góðar umræður urðu einnig um atvinnuleysisbótakerfið, niðurskurð hjá ríkinu, starfsemi lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins. Ráðherra og fylgdarlið hans gæfu sér góðan tíma til að ræða þessi og önnur mál við Framsýnarmenn.



Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Anna Sigrún Baldursdóttir aðstoðarmaður velferðarráðherra, Dagný Brynjólfssdóttir sérfræðingur á skrifstofu fjárlaga í Velferðarráðuneytinu og Sveinn Magnússon skrifstofustjóri Skrifstofu velferðarþjónustu í Velferðarráðuneytinu komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna til að ræða við forsvarsmenn Framsýnar, þá Agúst Óskarsson og Aðalstein A. Baldursson.

Fundað með erlendu starfsfólki

Framsýn hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að vera í góðu samstarfi við erlent starfsfólk á félagssvæðinu. Í því sambandi hefur félagið staðið fyrir reglulegum fundum um þeirra

málefni og önnur þau atriði sem það hefur viljað ræða. Einn slíkur fundur var haldinn fyrir nokkrum dögum sem tókst með ágætum.



Erlent starfsfólk í Þingeyjarsýslum kann vel að meta upplýsingastreymi stéttarfélaganna til þess um kjaramál og önnur þau atriði sem snerta þeirra daglega líf.

Þrengt að skattfrelsi lífeyrисиðgjalda

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 er það boðað að þrengja eigi skattfrelsi lífeyrисиðgjalda í séreignarlífeyrissjóði á árinu 2012. Í rúman áratug hefur launafólk getað lagt allt að 4% af launum sínum í séreignarlífeyrissparnað án þess að greiða tekjuskatt af þeirri inngreiðslu. Nú er boðað að þetta hlutfall eigi að lækka um helming. Verkalýðshreyfingin hefur mótmælt þessum fyrirætlunum stjórnvalda og talið þau vanhugsuð. Verði þessi áform ríkisstjórnarinnar að veruleika er mikilvægt að launafólk íhugi að hætta að leggja í séreignarsparnað umfram 2% af launum. Fyrir liggur að sá hluti sem er umfram 2% lendir að mestu í eignaupptöku stjórnvalda þar sem bæði

inn- og útgreiðsla sparnaðarins verður skattlögð. Afleiðingar tvísköttunarinnar eru þær að milli 60 og 70% af höfuðstól sparnaðarins greiðist í skatt. Þá er ótalið að vextir af sparnaðinum verða skattlagðir eins og launatekjur en ekki eins og fjármagnstekjur. Alþingi hefur enn ekki afgreitt nauðsynlegar lagabreytingar til þess að stjórnin geti hrint þessum áformum sínum í framkvæmd. Framvinda málsins mun skýrast á næstu vikum. Mikilvægt er að launafólk fylgist með framvindu málsins og geri breytingar á séreignarsparnaði sínum ef málið verður keyrt í gegnum þingið.



Ánagð með lífið og tilveruna! Inga, Jón og Ósk eiga það sameiginlegt að starfa hjá Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði. Samkvæmt nýlegum samanturði milli grunnskóla er námsárangur með miklum ágætum í skólanum. Hann fagnaði einnig 40 ára afmáli í nóvember. Stéttarfélagin óska nemendum, kennurum og öðrum frábærum starfsmönnum skólans til hamingju með árangurinn og afmálið að sjálfsgöðu.

Framsýnarmótið í skák fór vel fram

Sigurður Daði Sigfússon vann sigur á Framsýnarskáknotinu sem fram fór á Húsavík í lok október. Skáklfélagið Goðinn í Pingeyjarsýslu og Framsýn- stéttarfélag stóðu að mótinu. Alls tóku átján skákmenn þátt í ár og sem fyrr segir varð Sigurður Daði efstur á mótinu. Hann fékk 6,5 vinninga af 7 mögulegum en Sigurður Daði leiddi mótið frá upphafi. Einar Hjalti Jenson varð í öðru sæti með 6 vinninga og Smári Sigurðsson varð í 3. sæti með 4,5 vinninga. Ungur og efnilegur skákmaður frá Akureyri, Jón Kristinn Þorgeirsson, varð í 4. sæti með 4,5 vinninga, en aðeins lægri á stigum

heldur en Smári. Jón Kristinn varð efstur utanfélagsmanna og fékk eignarbikar að launum.

Tveir þekktir prestar tókust á í skáknotinu. Sighvatur Karlsson frá Húsavík og Sigurður Ægisson frá Siglufirði. Prestaslagurinn mikli. Eftirfarandi vísa var samin af Sigurði Ægissyni snemma í skákinni:

*Sitja og þenkja sérar tveir
og sálin í fordæming herðist
biskupa drápu báðir þeir
og brostu á meðan það gerðist*

Nánari fréttir af mótinu eru á <http://godinn.blog.is/blog/godinn/entry/1201645/>



Biskupum og riddurum var fjórnað á Framsýnarskáknotinu.

Magnað trúnaðarmannanámskeið

Framsýn stóð fyrir trúnaðarmannanámskeiði á Raufarhöfn í október. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Sigurlaug Gröndal frá MFA. Á námskeiðinu voru teknir fyrir þættir eins og sjálfstýrking, einelti, stjórnunarstílar og leiðtogar á vinnustöðum. Námskeiðið

gekk vel og voru þátttakendur afar ánægðir með veru sína á Raufarhöfn. Reyndar sagði einn þeirra sem var nýlega tekin við sem trúnaðarmaður að hann hefði ekki áttað sig á því hvað það væri gaman að vera trúnaðarmaður. Góður!!



Það er fjöngulegur hópur trúnaðarmanna sem tóke þátt í námskeiðinu á Raufarhöfn. Eftir námskeiðið fóru þátttakendur í skoðunarferð um Raufarhöfn. Að sjálfsögðu var Heimskauntagerðið skoðað undir leiðsögn öðlingsins Erlings Thoroddsen. Framsýn hefur á að skipa landsliði trúnaðarmanna.

Alltaf fullt af fréttum

Heimasíða stéttarfélaganna færir félagsmönnum og öðrum fróðleiksfúsum einstaklingum daglegar fréttir af starfi félaganna og því helsta sem er að gerast á svæðinu á hverjum tíma.

Heimasíðan er virkasta síðan sem haldið er úti á vegum stéttarféлага á Íslandi. Þar er einnig hægt að fræðast nánar um það sem getið er um í Fréttabréfinu á hverjum tíma. Sjá www.framsyn.is

Fundað um orlofsmál

Sameiginleg orlofsnefnd stéttarfélaganna kom saman til að ræða orlofskosti fyrir félagsmenn sumarið 2012. Nefndarmenn voru sammála um að leggja til við stjórnir félaganna að framboðið á orlofskostum á næsta ári verði með sambærilegum hætti og var í sumar.

Ekkert punktakerfi er hjá félögunum eins og þekkt er hjá mörgum öðrum stéttarfélögum. Það gerir félagsmönnum stéttarfélaganna

í Pingeyjarsýslum kleift að sækja um orlofshús á hverju ári. Í flestum tilfellum hefur verið hægt að úthluta umsækjendum orlofshúsi á hverju ári, þó með nokkrum undantekningum. Þá hefur einnig verið unnið að því að halda leiguverðinu í lágmarki. Sumarið 2011 niðurgreiddu aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna leigu fyrir félagsmenn sem dvöldu í orlofshúsum á vegum félaganna um 6,3 milljónir.



Setið á fundi um orlofsmál. Fulltrúar Framsýnar, Þingjórnar og Starfsmannafélags Húsavíkur funduðu um orlofsmál. Markmiðið er að bjóða félagsmönnum upp á sambærilega orlofskosti sumarið 2012 eins og var í sumar.

Vinnustaðaheimsóknir á Raufarhöfn

Það er alltaf vinalegt að heimsækja vinnustaði á Raufarhöfn. Fulltrúar Framsýnar komu við á leikskólanum

og Grunnskóla Raufarhafnar þegar þeir voru þar á ferð.



Það er vel bugsað um börnin í leikskólanum.



Matur, gjörð þú svo vel! Það er gott mótuneyti í Grunnskóla Raufarhafnar.

AN ályktaði um mikilvæg mál

Reglulegt þing Alþýðusambands Norðurlands fór fram á Illugastöðum í október. Tæplega hundrað fulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu þingið, þar af fimmtán frá þingeyiskum stéttarfélögum, það er Verkalyðsfélagi Þórshafnar, Þingið og Framsýn. Á þinginu var ályktað um nokkur mál s.s. um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu.

Agnes Einarsdóttir var kjörin varaformaður sambandsins en hún kemur frá Framsýn. Þá var Jónas Kristjánsson frá Þingið kjörinn í varastjórn sambandsins. Nýr formaður sambandsins er Hjördis Gunnarsdóttir. Hægt er að skoða frekari umfjöllun um þingið á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is



Það er vinsælt að þrjóna á þingum meðan blustað er á mis gáfulegar ræður og umræður. Ósk Helgadóttir tók með sér þrjónana á þingið. Gunni Jóhannsson hafði töluverðan áboga fyrir handverkinu en ekki er vítað um hans hæfileika á því sviði. En leikari er hann góður.

Tekið á því!

Það gengur alltaf mikið á þegar sauðfjárslátrun stendur yfir hjá Fjallalambi á Kópaskeri. Hér koma

myndir sem teknar voru í slátruninni í haust en um 60 starfsmenn komu að því að slátra um 30 þúsund fjár.



Þingmenn í heimsókn

Það eru margir góðir gestir sem koma reglulega við á Skrifstofu stéttarfélaganna enda tugir manna sem heimsækja skrifstofuna í hverri viku. Hér má sjá þingmennina

Sigmund Erni og Kristján L. Möller sem litu við í kaffi á ferð þeirra um kjördæmið. Ekki skemmir fyrir að alþýðuhetjan Arnór Kristjánsson er í bakgrunni.



Formaður LÍV í heimsókn

Stefán Einar Stefánsson, formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna, kom nýlega í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna. Stefán átti gott spjall m.a. um starfsemi verkalyðshreyfingarinnar, VIRK

og kjaramál á víðum grunni. Ánægjulegt er þegar formenn landssambanda gefa sér tíma til að heimsækja aðildarfélögin úti á landsbyggðinni og vonandi verður framhald á því.



Stefán Einar Stefánsson formaður LÍV ásamt Orra Frey nýráðnum skrifstofu- og fjármálastjóra stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

Nýtt Krabbameinsskoðun

Framsýn og Þingið er verulega umhugað um sína félagsmenn. Félögin hafa ákveðið að niðurgreiða alltað 50% af kostnaði félagsmanna er tengist blöðruháls- eða ristilskoðun félagsmannavegnakrabbameinsleitar, þó að hámarki kr. 15.000 per skoðun.

Næsta stóriðja á Húsavík!

Nokkrir ofurhugar á Húsavík hafa hafið kræklingarækt á Skjálfanda. Í því sambandi hafa verið stofnuð tvö fyrirtæki, Víkurskel og Sæskel um ræktun á kræklingi til sölu á markaði en þau hafa verið starfandi í tvö til þrjú ár. Eigendurnir hafa tekið höndum saman um að vinna sameiginlega að því að gera ræktun á kræklingi í Skjálfanda að arðsömum atvinnuvegi. Búið er að koma fyrir lírfulinum í Saltvíkinni, Héðinsvík og við Kaldbakshaf. Þeir sögðu að ræktunin hefði ekki byrjað vel, en framhaldið lofaði góðu og þeir væru fullir bjartsýni.

Í stuttu máli fer ræktunin þannig fram að lagðar eru út sérstakar línur sem kræklingalífur setjast á. Eftir um tvö ár eru línurnar teknar upp og lírurnar flokkaðar og settar í sérstaka sokka í landi sem komið er svo aftur fyrir í sjó á línunum til áframhaldandi eldis. Ári síðar kemur síðan uppskeran í ljós

þegar sokkarnir eru teknir í land. Þá hefur skelin náð fullum þroska eftir þrjú ár í sjó og klár til sölu á markaði. Víkurskel og Sæskel eru með fjórar línur í sjó. Þeir áætla að hver lína geti gefið um 6 tonn á ári enda verði línan ekki fyrir áfalli af mannavöldum eða náttúruöflum. Geir, Jóel og Kristján voru bjartsýnir á framtíðina. Ljóst er að ef vel tekst til, er hér um að ræða áhugaverðan atvinnurekstur sem byggir á ræktun og vinnslu á kræklingi sem vonandi á eftir að ganga vel og skapa atvinnu á Húsavík. Hugsanlega er þetta dæmi um „þetta“ eitthvað allt annað sem mönnum hefur orðið svo tíðrætt um í atvinnumálum Píngeyinga. Fréttabréfið óskar Víkurskel og Sæskel velfarnaðar í áhugaverðum atvinnurekstri en þeir buðu formanni Framsýnar í heimsókn til að kynna sér starfsemina á haustdögum.



Geir, Kristján og Jóel eru magnadír menn. Þeir atla sér stóra hluti í framtíðinni með kræklingaelði í Skjálfanda.

Tónlistarskólanum færð gjöf

Í tilefni af 50 ára afmæli Tónlistarskóla Húsavíkur hafa stéttarfélagin samþykkt að færa skólanum að gjöf kr. 80.000,- til hljóðfærakaupa. Tónlistarskólinn hefur í gegnum tíðina verið samfélaginu mjög mikilvægur enda eftir því tekið hvað tónlistarmenn frá Húsavík hafa náð langt á tónlistarsviðinu. Stéttarfélagin

hafa alla tíð átt mjög gott samstarf við Tónlistarskólann sem oftast en ekki hefur lagt hátíðarhöldum stéttarfélaganna 1. maí til tónlistartriði auk þess að sjá um tónlist og söng í árlegum jólaboðum stéttarfélaganna. Stéttarfélagin óska Tónlistarskóla Húsavíkur til hamingju með merkan áfanga í starfsemi skólans.



Híja, æpti skipstjórninn!! Jósef Matthíasson sem er drengur góður er hér við löndun á Húsavík en bann var lengi til sjós áður en hann sölsaði um og fór í land. Auk þess að vera góður verkmaður er Jobbi einn helsti og besti frísmábóndi á Húsavík. Þó nokkuð hefur verið að gera við löndum á Húsavík í haust þar sem bæði rækjubátar og eins línubátar hafa komið reglulega til löndunar á Húsavík enda stutt á fengsæl mið.

Breytingar hjá Vinnumálastofnun

Um næstu áramót mun Hilmar Valur Gunnarsson láta af störfum hjá Vinnumálastofnun. Það er á svæðisskrifstofunni á Húsavík sem er í húsnæði stéttarfélaganna.

Í hans stað hefur Jóhanna Björnsdóttir verið ráðin en hún starfaði við sumarafleysingar hjá Skrifstofu stéttarfélaganna.



Samið fyrir landbúnaðarverkamenn

Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar gengu frá kjarasamningi í haust við Bændasamtök Íslands vegna landbúnaðarverkamanna. Skrifað var undir samninginn hjá ríkissáttasemjara. Samningurinn gildir til ársins 2014 og er í samræmi við aðra kjarasamninga sem gerðir hafa verið á almennum

vinnumarkaði á þessu ári. Samningurinn felur í sér þau nýmæli að menntun á háskólastigi á sviði búfræði, fiskeldisfræði og tamninga verði metin til launahækkunar. Nánari útlitun á efni samningsins er hægt að sjá á heimasíðu stéttarfélaganna.

Hvetja til víðtækara verðlagseftirlits

Eitt af hlutverkum Alþýðusambands Íslands er að fylgjast með verðlagi í verslunum landsins. Í því sambandi gerir verðlagseftirlit ASÍ reglulega verðkannanir á vöru og þjónustu, sérstaklega í stórmörkuðum sem skilað hefur góðum árangri enda þarft að veita verslunum og öðrum þjónustuaðilum gott aðhald. Á síðasta stjórnar og trúnaðarmannaráðsfundi Framsýnar voru verðlagsmál til umræðu. Fram komu athugasemdir við verðlagseftirlit ASÍ er varðar ákveðna þætti. Verðlagseftirlitið virðist að mestu leyti miðast við stórmarkaði á höfuðborgarsvæðinu og verslanir þeim tengdum á landsbyggðinni sem eru í flestum tilvikum í stærstu byggðakjörnum. Hins vegar vantar algjörlega að verðlag sé kannað í smærri verslunum sem eru víða um

land. Þar er vöruverð í flestum tilvikum mun óhagstæðara fyrir neytendur en í stórmörkuðum og því umtalsvert dýrara fyrir fjölskyldur að versla inn, en á þeim stöðum þar sem stórmarkaðir eru í boði. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að verðsamanburður milli stórmarkaða og verslana í hinum dreifðu byggðum verði skoðaður. Það er t.d. munurinn á verðlagi í Bónus í Reykjavík og verslunum á Raufarhöfn, Vík í Mýrdal, Bakkafirði og Píngeyri svo einhver byggðarlög séu tekin sem dæmi. Samþykkt var að koma þessum athugasemdum á framfæri við verðlagseftirlit ASÍ sem þegar hefur verið gert. Alþýðusambandið hefur nú svarað og tekur athugasemdunum vel og mun skoða málið frekar.

Opnunartími í vetur
Skrifstofa stéttarfélaganna verður
opin frá kl. 08:00 - 16:00 í vetur. Opíð
er í hádeginu.

Orlofsíbúð í boði á Akureyri

Framsýn- stéttarfélag hefur gert leigusamning við Verkalýðsfélag Akraness um afnot að íbúð félagsins á Akureyri í vetur fyrir félagsmenn Framsýnar. Íbúðin er í Furulundi 8E.

Helstu atriði: Íbúðin er 53 fm, 2 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Tvíbreitt rúm er í hvoru herbergi og hægt er að fá gestarúm og barnarúm. Sængur og koddar eru fyrir 6 manns. Gasgrill er á svölum. Í íbúðinni er

þvottavél. Helgarleiga (frá kl. 16. á föstudegi til kl. 14 á mánudegi) kostar kr. 12.000. Vikuleiga (frá föstudegi til föstudags) kostar kr. 19.000. Aukanótt kostar kr. 3.000. Lyklaafhending er hjá Securitas, Tryggvabraut 10, Akureyri, sími 4606261. Lyklar eru afhentir allan sólarhringinn gegn framvísun leigusamnings frá Framsýn- stéttarfélagi. Vinsamlegast leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Skrifað undir stofnana- samning við FSH

Gengið hefur verið frá stofnana- samningi fyrir starfsmenn Framhaldsskólans á Húsavík sem eru félagsmenn í Framsýn og Starfsmannafélagi Húsavíkur. Stofnana- samningurinn byggir á kjarasamningi félaganna við ríkið og felur í sér nánari útfærslu á kjörum starfsmanna sem sinna

umsjón húseigna skólans. Laufey Petrea Magnúsdóttir skólameistari FSH og Snæbjörn Sigurðarson skrifstofustjóri stéttarfélaganna skrifuðu undir samninginn í húsakynnum skólans, en samningaviðræður hafa staðið yfir frá því í vor.



Snæbjörn Sigurðarson fyrrverandi skrifstofustjóri stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum og Laufey Petrea Magnúsdóttir skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík voru ánægð með nýjan stofnana- samninginn fyrir hönd skólans og starfsmanna.

Nýr liðsmaður til Skrifstofu stéttarfélaganna

Þann 1. september sl. var Orri Freyr Oddsson ráðinn sem skrifstofu- og fjármálastjóri Skrifstofu stéttarfélaganna.

Orri Freyr er fæddur árið 1979 og ættaður frá Húsavík. Hann hefur síðustu ár búið á Akureyri og starfað sem sérfræðingur á útlánasviði hjá Saga Fjárfestingarbanka hf. Áður starfaði hann sem sérfræðingur í skuldastýringu hjá Landsbanka Íslands og sem sérfræðingur á hagdeild Orkuveitu Reykjavíkur. Þá hefur hann einnig komið að kennslu við Bifröst og Háskóla Íslands þar sem hann kenndi tölræði, stærðfræði og upplýsingatækni. Auk þessa hefur hann m.a. starfað við bókhald hjá PricewaterhouseCoopers. Orri Freyr er bæði með BS og MS

gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands auk kennsluréttinda á grunn- og framhaldsskólastigi frá Háskóla Akureyrar. Þá er hann með próf í verðbréfa- viðskiptum. Áður lauk hann stúdentsprófi frá Framhaldsskólanum á Húsavík af hagfræðibraut. Alls sóttu 17 einstaklingar um starfið. Umsóknirnar reyndust allar góðar og því varð valið mjög erfitt. Eftir nánari skoðun var það mat Fulltrúaráðs stéttarfélaganna, sem fer með ráðningar á Skrifstofu stéttarfélaganna, að velja Orra Frey Oddsson í starfið úr hópi mjög hæfra umsækjenda. Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum þakka öllum umsækjendum kærlega fyrir að hafa sýnt starfinu áhuga.




Orri Freyr nýr liðsmaður á Skrifstofu stéttarfélaganna er hér ásamt Jónasi Kristjánssyni formanni Þingdórnar sem situr í fulltrúaráði stéttarfélaganna.

Heilsuðu upp á áhöfn Jóhönnu

Í sumar var haldinn mikil hátíð á Húsavík þegar Sail Húsavík fór fram í aðdraganda Mærudaga sem er bæjarhátíð Húsavíkinga. Fulltrúar Framsýnar notuðu tækifærið og heilsuðu upp á áhöfnina á Jóhönnu frá Færeyjum og færðu henni rjómatertu úr Heimabakarí. Einn af áhafnarmeðlimum var Kári Jacobsen sem er þekktur

verkalýðsleiðtogi í Færeyjum en hann hefur nú hætt afskiptum af verkalýðsmálum. Kári hefur verið gestur á þingum verkalýðssamtaka á Íslandi og er góður vinur formanns og varaformanns Framsýnar. Áhöfn Jóhönnu sem var yfir tuttugu sjómenn og fulltrúar Framsýnar áttu góða stund saman um borð í skútunni sem var byggð 1884.



Kári var ánægður með tertuna góðu frá Framsýn en hann fagnaði 65 ára afmæli á Sail Húsavík.

Sjómenn!
FRAMSÝN
Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar- stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 29. desember 2011 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Mikilvægt er að sjómenn láti sjá sig á fundinum. Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar í boði deildarinnar.

Stjórn Sjómannadeildar

Afmælishátíð á Þórshöfn

Í tilefni af 110 ára afmæli Ísfélags Vestmannaeyja hf. þann 1. desember s.l. bauð félagið öllum starfsmönnum, og öðrum bæjarbúum til kaffisamsætis í félagsheimilinu Þórsveri á afmælisdaginn. Kvenfélagið Hvöt sá um glæsilegar kaffiveitingar og Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson

stjórnarformaður setti samkomuna og bauð gestina velkomna. Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum óska þessu mikilvæga fyrirtæki á svæðinu til hamingju með afmælið en fyrirtækið hóf starfsemi árið 1901.



Drullu syfjaður í brúnni

Framsýn fékk góða gesti í heimsókn í sumar þegar gamlir togaraxjar komu til Húsavíkur í tilefni af Sail Húsavík. Togaraxjarnir komu víða að en þeir ætluðu að njóta þess að vera á Húsavík á hátíðarhöldunum. Um 100 sjómenn ásamt mökum komu í kaffihlaðborðið sem

Framsýn bauð upp á. Margar góðar sögur voru sagðar af sjónum og frá einu borðinu mátti heyra, munið þið hvað kallinn var drullu syfjaður í brúnni?? Þá voru einnig nokkrar magnaðar sögur sagðar úr landlegum, ekki síst frá Húsavík.



Adalsteinn, veistu að Júlíus sýslumaður lét opna pósthúsið þegar við komum á togaranum Norðlendingi til Húsavíkur úr fyrstu veiðiferðinni á laugardegi svo við náðum út vinninu okkar sem við höfðum pantað úr ríkinu í Reykjavík. Það var gaman af því, segir Magnús Lórenzon sem var á togaranum sem var m.a. í eigu Húsvíkinga og var gerður út frá árinu 1955 fram undir 1960.



Það var virkilega ánægjulegt fyrir Sjómannaeyld Framsýnar að fá tækifæri til að taka á móti gömlum þeim sem svo sannarlega hafa lagt sitt af mörkum til þjóðarvæðisins í gegnum tíðina.

Víða góð afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Afsláttarkjör hjá N1 og Olís-ÓB

Félagsmenn stéttarfélaganna eiga rétt á góðum afslætti hjá N1 og Olís-ÓB. Hægt er að sækja um afsláttarkort á Skrifstofu stéttarfélaganna.

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eigafélagsmenn stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður er farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort. Góða skemmtun.

Afsláttur fyrir félagsmenn hjá Frumherja

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum eru með samning við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skylduskoðun ökutækja á þeirra vegum. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Stéttarfélagin hafa til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið per. miða er kr. 650,-. Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá miðana á sama verði hjá skrifstofu félagsins á Þórshöfn

Ódýrar hótलगistingar í boði

Stéttarfélagin eru með góða samninga við Fosshótel Lind og Fosshótel Barón í Reykjavík auk þess eru félagin með hagstæða samninga við Gistihús Keflavíkur og Hótel Keflavík séu félagsmenn að fara erlendis með viðkomu í Keflavík. Skrifstofa stéttarfélaganna veitir frekari upplýsingar.



Snæbjörn Sigurðarson sem starfað hefur í nokkur ár hjá Skrifstofu stéttarfélaganna hefur þegar tekið við nýju starfi hjá Norðurþingi sem verkefnastjóri hjá sveitarfélaginu í tengslum við uppbyggingu á orkusprekum iðnadi í bæradinu. Stéttarfélagin þakka honum fyrir vel unnin störf í þágu stéttarfélaganna um leið og honum er óskað veljarnaðar í krefjandi störfum.

Framtíðarreikningur er gjöf sem vex



Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir flottur Georgsbolur.

Þú færð Framtíðarreikning í næsta útibúi Íslandsbanka.